

AUGLÝSING

(V) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 605, 24. júní 2008 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2007/2008 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Strandabyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Stranda- byggðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Skipta skal helmingi úthlutaðs byggðakvóta, 70 þorskígildistonnnum, jafnt milli þeirra báta/skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, en 70 þorskígildistonnnum skal skipt í hlutfalli við landaðan afla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. maí 2007 til 30. apríl 2008.
- b) Vinnsluskyldu byggðakvóta Strandabyggðar samkvæmt 6. gr. er aflétt.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 3. september 2008.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Hinrik Greipsson.